ekkert sjeð því til fyrirstöðu, að hjálpa þurfamanni um hey á kostnað sveitarsjóðs, ef slíkur styrkur er nauðsynlegur til að varna því, að hann felli skepnur þær, sem hann má ekki án vera sjer og ómögum sínum til framfæris, sjer í lagi kýr, og eins verður varla haft neitt á móti því, að matbjörg sú, sem getur um við 3. tölul., hefir verið lögð þurfamanninum af sveitarfje. **34** 6. apríl.

Með því að eigi hefir verið hreift neinum mótmælum gegn upphæð endurgjalds þess, sem Ölveshreppur hefir krafizt fyrir matbjörg þessa og heyhjálp, og þar sem Guðmundur Guðmundsson, áður en hann fluttist í Ölveshrepp, var búinn að ávinna sjer sveitfesti í hinum sameinaða þingvalla- og Grafningshreppi með 14 ára dvöl í Grafningi, geta nefndir hreppar í sameiningu samkvæmt dómsmálastjórnarbrjefi frá 2. nóvbr. 1861 eigi komizt hjá því, að endurgjalda Ölveshreppi 7 rd. 64 sk. eða 15 kr. 33 aura og 60 fiska af upphæð þeirri, sem ágreiningurinn hefir risið út af, og skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra amtmaður, hlutizt til um, að svo verði gjört.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* verðlaun fyrir björgun úr lífsháska. — Með þessu brjefi var amtmanninum tilkynnt, að ráðgjafinn, samkvæmt tillögum landshöfðingja, hefði veitt Sigurði vinnumanni Erlendssyni á Útskálum 40 króna verðlaun, fyrir að hafa tvisvar lagt líf sitt í sölurnar til að bjarga alls 5 mönnum, sem borizt hafði á á sjó, og fyrir að hafa gjört tilraun til að bjarga mönnum af sexæringi, er fórst. **35** 7. apríl.

— *Brjef* landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík um* toll af strönduðu víni. — Í brjefi frá í dag hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að frakkneskt fiskiskip hafi fyrir skemmstu strandað á Suðurnesjum, og með því að nokkuð af því, sem bjargað hafi verið frá því, muni vera rauðavín og brennivín eða konjak, sem muni ganga illa út, og, ef toll skuli heimta af því, alls ekki, leitað úrlausnar minnar um það, hvort heimta skuli toll af rauðavíni því, sem bjargað er af skipinu, og ef svo er, af hverjum skuli heimta hann. **36** 8. apríl.

Fyrir þessa sök skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni, að það leiðir beinlínis af 1. grein tilskip. frá 26. febr. 1872, að þjer verðið að sjá um, að gjald samkvæmt þessari tilskipun verði greitt af öllu víni, er í land verður flutt af hinu strandaða skipi, sem fyrst eptir að það er komið í land, og að toll þenna, eins og önnur útgjöld, er leiða af björguninni, ber að greiða af aðalandvirði hinna strönduðu fjármuna.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* styrk við háskólann í Khöfn handa læknaefnum. — Kirkju og kennslustjórn ríkisins hefir 19. janúar þ. á. skýrt ráðgjafanum fyrir Ísland frá, að hún sama dag í brjefi til háskólaráðsins (consistorium) hafi fallizt á: **37** 10. apríl.

1. að styrkur sá, er veita má af stúdentasjóðnum (communitet) læknaefnum, er menntazt hafa á Íslandi, verði eptirleiðis greiddur þeim beinlínis úr þessum sjóði, í mánaðar-skömmtum, frá þeim degi, er þau sanna, að þau hafi byrjað á námi því, sem styrkurinn er ætlaður til.

37 10. apríl. 2. að styrkurinn sje veittur til þess, að þau taki þátt í æfingum í sjúkra-meðferð (clinisk cursus) á fœðingastofnuninni, og til þess, að þau kynni sjer sjúkrahús og lyfjabúðir þar í staðnum, og stendur á sama, á hverju af þessu fyrst er byrjað.

3. að upphæð mánaðarstyrksins sje ákveðin til 50 kr., sem greiðist fyrirfram hinn 1. dag í hverjum mánuði og ekki nema fyrir 1 mánuð í senn.

4. að styrkurinn, ef nœgilegt fje er veitt til þess og ákvörðun fjárveitingarinnar leyfir það, venjulega veitist af háskólaráðinu fyrir 8 mánuði, en geti þó fengizt fyrir lengri tíma, eptir tillögum umsjónarmanns og með ofannefndu skilyrði.

5. að háskólaráðið setji umsjónarmann (ephorus), sem líti eptir, að læknaefnin noti dvöl sína í Kaupmannahöfn eins og til er ætlazt, og að öðru leyti aðstoði þau með ráðum og leiðbeiningu, beiðist, að fenginni vissu fyrir að hlutaðeigendur einatt gæti þess, sem til er ætlast af þeim, útborgunar mánaðarstyrksins handa þeim frá gjaldkera háskólans, og sendi háskólaráðinu tillögur sínar, þegar svo stendur á, að styrksins er beðizt um lengri tíma en hina venjulegu 8 mánuði og hann er orðinn þess vísari, að nœgilegt fje sje fyrir hendi.

Jafnframt því að tjá stiptsyfirvöldunum hið framanritaða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg geta þess, að læknaefni, er fara hjeðan til Kaupmannahafnar til að leita sjer hinnar lögboðnu kennslu á fœðingarstofnuninni, muni samkvæmt fyrirmælum ráðgjafans eptirleiðis að eins fá ávísað hjer af styrki þeim, sem ákveðinn er með konungsúrskurði frá 21. oktbr. 1871[1], 150 kr. til að standast kostnaðinn við þessa ferð, en að þau eigi von á að fá áþekkan ferðastyrk útborgaðan í Kaupmannahöfn, er þau að loknu námi fara heim aptur.

38 11. apríl. — *Brjef* landshöfðingja *til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um* eptirlit með framtali til vínfangagjalds. Út af því að sýslumaðurinn hafði getið um það, að lausakaupmaður, er beðizt hafði endurborgunar á tolli fyrir vínföng, er lekið höfðu niður á ferðinni hingað til landsins, hefði látið rita á tollseðilinn óvenjulega mikið af víni, sem ætlað handa skipverjunum, var brýnt fyrir sýslumanni, að honum væri skylt að hafa sterkt eptirlit á, að gjaldfrelsið fyrir vín það, sem haft er meðferðis er handa skipverjunum sjálfum, verði eigi misbrúkað til að draga vínföng, sem ætluð eru til góðgjörða handa viðskiptamönnum kaupmanna við lausakaup («spandage»), handa fiskimönnum, ef skipið er gjört út til fiskiveiða, eða handa öðrum mönnum, sem eigi verða taldir með skipverjum, undan gjaldi því, er hvílir á öllum þeim vínföngum, er flutt eru til landsins til þess að eyðast þar eða á skipum kring um strendur þess.

39 15. apríl. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* tilsögn í innanbœjarbúsýslu. Amtmanninum var tjáð, að Önnu Pálsdóttur Melsteð hefði verið veittur áþekkur styrkur og í fyrra til þess eptir nánari samkomulagi við búnaðarfjelag suðuramtsins að veita þeim, er þess kynnu að óska, tilsögn í mjólkurstörfum og annari innanbœjarbúsýslu.

40 18. apríl. — *Brjef* landshöfðingja *til biskups um* lán til að byggja upp kirkju. — Í erindi, sem jeg meðtók með þóknanlegu brjefi herra biskupsins frá 11. þ. m. og um-

1) Sjá auglýsingu 31. s. m. í Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands III 129.